


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	HTL 5036 Námsáætlun – Vorönn 2016	

Kennari	Borghildur Ína Sölvadóttir (BÍN), ina@vma.is Viðtalstími: Miðvikudaga 11:25-12:05
----------------	--

Afangalýsing:

Í áfanganum vinnur nemandinn með hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, ljós, skuggi og myndbygging auk annarra hugtaka sem tengjast skúlptúrum og þrívíðum verkum. Leitast verður við að tengja aðferðir textíla og þrívíða vinnu og að nemendur skoði hvernig koma má tvívíðum skissum í þrívítt form. Unnið verður með ýmis efni s.s. garn, ullarflóka, vír, léreft, pappír o.fl. Nemandinn heldur utan um skissur, hugmyndir, prufur og þróunarvinnu sína og setur fram með skipulögðum hætti.

Markmiðið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- hinum ýmsu aðferðum, sérkennum og einkennum á þrívíðri vinnu og hugsun
- myndbyggingu og hvaða gildi/þýðingu hún hefur í þrívíðri hugsun/vinnu
- mismunandi textíllífráðum og textílefum og möguleikum þeirra við gerð tvívíðra og þrívíðra verka
- samfélagslegu, menningarlegu og efnahagslegu gildi þrívíðrar textílvinnu
- þeim áhöldum, vinnutækjum og því vinnuumhverfi sem tengjast þrívíðri vinnu með ýmsum efnivið
- og búi yfir góðri kunnáttu til að miðla þekkingu á fagsviði sínu á fjölbreytilegan hátt: munnlega, skriflega, verklega og/eða með nýmiðlun
- aðferða- og hugmyndafræði ýmissa listamanna og hönnuða sem vinna að þrívíðri listsköpun og geti sett það í samfélagslegt og alþjóðlegt samhengi í t.d. fyrirlestri, rituðu máli og umræðum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita skapandi aðferðum, tækni og verklagi til að koma tvívíðri hugmynd yfir í þrívíðrar sköpunar og/eða textílverk
- nota aðferðir textílvinnu og ýmsar gerðir efna við útfærslu ólíkra þrívíðra verka
- vinna frístandandi skúlptúr og beita mismunandi aðferðum, efnisnotkun og tækni
- vinna lágmynd á vegg með mismunandi aðferðum, efnisnotkun og tækni
- beitt mismunandi aðferðum og tækni í tilraunum og skissugerð
- beita aðferðum rannóknarvinnu sem nýtist í hugmyndavinnu, framsetningu verkefna og skipulagningu á verkferli og útfærslu verka sinna

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna áræðni og frumkvæði við útfærslu í þrívíðri vinnu
- gera sér grein fyrir og skilja mikilvægi þrívíðrar hugsunar og hönnunar í samfélaginu og geta unnið að þrívíðum verkum
- nýta sér sköpun, ímyndunarafl, innsæi og tilfinningar við þróun hugmynda, skissuvinnu og úrvinnslu
- vera fær um að greina, tjá sig um og meta eigin verk og annarra af nokkurri þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi
- taka þátt í samvinnu með sameiginleg markmið hópsins að leiðarljósi
- fjalla um og rökstyðja verk sín m.t.t. efnisnotkunar, tækni og framsetningu og geti sett það/pau í menningarlegt og samfélagslegt samhengi
- gera sér grein fyrir hagnýtingu á menntun sinni í þrívíðri textílhönnun og fagurfræðilegu gildi slíkrar menntunar
- tjá sig á skýran, ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt um eigin verk og annarra

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	HTL 5036	Námsáætlun – Vorönn 2016

Námsgögn:

Nemendur þurfa að hafa möppu til að halda utan um skissur, minnispunkta, tilraunir, prufur og hugmyndavinnu. Auk möppunnar þurfa nemendur að hafa verkfæri til skissuvinnu s.s. mismunandi blýanta, penna, pensla, blek o.s.frv. Ef nemendur vilja nota eitthvað sértækt efni við útfærslu verka sinna þá þurfa þeir að skaffa það sjálfir. Athugið að myndavél er mjög gagnleg til skrásetningar tilrauna og nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum í lok annar.

Ítarefni frá kennara s.s. ljósrit, listaverkabækur, -blöð og ljósmyndir auk þess sem námsefni verður aðgengilegt á Moodle.

Áætlun um yfirferð og námsmat:


Áfanginn er próflaus, símatsáfangi og þess vegna er 100% mætingar krafist af nemendum. Nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum, öllum skissum, minnispunktum, tilraunum, prufum og hugmyndavinnu í möppu. Athugið að hafa frágang vandaðann og að mappan sé aðgengileg.


VIKUR	LOTA	UMFJÖLLUNAREFNI	VÆGI
1-5	Lota 1	Nemendur vinna ýmsar þrívíðar æfingar og setja þær í ýmis efni. Nemendur skoða möguleika textílefna til þrívíðrar vinnu.	25%
6-7	Lota 2	Nemendur vinna frístandandi skúlptúr.	10%
8-12	Lota 3	Nemendur gera ýmsar æfingar og gera tilraunir með efni og framsetningu. Nemendur skoða möguleika textílefna við gerð hálf þrívíðra verka.	25%
13-14	Lota 4	Nemendur vinna lágmynd.	10%
15-18	Lota 5	Nemendur vinna lokaverkefni.	20%
		Meðfram vinnu sinni í áfanganum skulu nemendur halda utan um öll gögn sem tengjast áfanganum og skila í ferilmöppu .	10%

Athugið: Nemendur skulu sækja verkefni sín á prófsýnidag – fimmtudaginn 26. maí 2016.

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 5. jan '16


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils